

Nd.

506. Frumvarp til laga

[234. mál]

um breyting á lögum nr. 7 14. júní 1929, um tannlækningar.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962—1963.)

1. gr.

Á eftir 1. grein laganna komi ný grein, er verður 1. gr. a og orðist svo:

Enginn tannlæknir má kalla sig sérfræðing, nema hann hafi fengið til þess leyfi ráðherra.

Ráðherra staðfestir reglur um nám sérfræðinga, sem skulu settar af nefnd, er ráðherra skipar. Sú nefnd skal einnig fjalla um umsóknir um sérfræðileyfi. Nefndin skal þannig skipuð, að prófessorinn í tannlækningum við læknadeild Háskólans er formaður hennar, en tveir nefndarmenn skulu tilnefndir af Tannlæknafélagi Íslands til þriggja ára í senn. Með sama hætti skal enn fremur tilnefna tvo sérfróða tannlækna til þátttöku með nefndinni í meðferð einstakra mála, er varða sérgrein þeirra, og fá þeir þá einnig atkvæðisrétt í nefndinni.

Tannlæknir á rétt á leyfi til að kalla sig sérfræðing, ef hann sannar fyrir nefnd þeirri, sem að framan getur, að hann hafi lokið tilskildu sérfræðinámi í sérgrein, sem viðurkennd er samkvæmt fyrrnefndum reglum, og landlæknir mælir með leyfisveitingunni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er borið fram að ósk Tannlæknafélags Íslands og hefur málið einnig verið borið undir landlækni og læknadeild Háskólans, sem fallast á efni frumvarpsins.

Tannlæknisfræðin er nú orðin svo yfirgripsmikil og sérhæfð, að tannlæknir með almenna tannlæknismenntun getur ekki veitt alla þá meðferð, sem völ er á. Vegna þessa verður að telja tímabært að gefa tannlæknum kost á að sérmennta sig í tilteknum sérfræðigreinum, og verður þá jafnframt að setja reglur um slíkt sérnám.

Ekki er um það að ræða að svo stöddu að hafa samsvarandi meðferð í þessu efni og um sérfræðileyfi almennra lækna, sem læknadeild Háskólans fjallar um, þar sem sérstök tannlæknadeild hefur ekki verið stofnuð, og ekki vitað hvenær það verður gert. Sá undirbúningur, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir að veitingu sérfræðileyfa, er auk þess í meira samræmi við þann hátt sem hafður er í þessu efni í nágrannalöndum okkar.